

1872.

23. maí.

**57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við aðhjúkrun á betrunarhússfanga<sup>1</sup> á spítala í Kaupmannahöfn.**

I bræfi, dagsettu 28. febrm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, stungið uppá, að greiða mætti úr landssjóðnum kostnað við aðhjúkrun á Guðbjörgu Guðmundsdóttur, sem á sveit í Torfastaða hrepp í Húnavatnssýslu, og hafði verið í betrunarhúsvinnu, í stað þess að kostnaður þessi yrði goldinn af framfærsluhrepp hennar, sem eftir skýrslum þeim, er fylgðu bræfi yðar, kvað mjög efnaltíll, — en fátækrastrjórnin í Kaupmannahöfn hafði borgað kostnaðinn til bráðabirgða.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að lög leyfa ekki, að leggja endurgjald þessa kostnaðar á landssjóðinn, en ef yður finnst, að Torfastaða hreppur sé svo efnaltíll í samanburði við aðra hreppa í amtinu, að hann eigi sé fær um að endurgjalda alla upphæðina, þá er eftir atvikum ekkert því til fyrirstöðu af hálfu stjórnarráðsins, að helmingurinn af upphæðinni verði goldinn af jafnaðarsjóði amtsins.

24. maí.

**58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Í bræfi 5. febrúar þ. á. með fylgiskjöllum hafið þér, herra amtmaður, borið undir stjórnarráðið til úrslita ágreining nokkurn, sem orðið hefir milli hreppstjóranna í Lýtingstaðahrepp og Seiluhrepp í Skagafjarðarsýslu um það, í hvorum hreppnum sveitarómaginn Sigfús Hannesson með hyski sínu sé sveitlægur. Með úrskurði 8.

<sup>1</sup>) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III, 185.



1872.

24. maí.

apríl f. á.<sup>1</sup> hefir amtmaðurinn, sem þá var settur í norður- og austurumdæminu, ákveðið, samkvæmt því, sem hlutaðeigandi sýslumaður hafði áður úrskurðað, að tæður Sigfús Hannesson með hyski sínu eigi framfærslurétt í Lýtingstaðahrepp, með því álita verði eptir því, sem fram er komið, að móðir Sigfúsar, sem hvergi sjálfur hefir áunnið sér rétt til framfærslu, hafi haft lögheimili á Reykjavöllum í Lýtingstaðahrepp þá er hann fæddist, enda þótt

<sup>1</sup>) Úrskurður amtsins er svo látandi:

Með úrskurði sýslumannsins í Skagafjarðar sýslu, dagsettum 4. maí f. á., hefir verið ákveðið, að Sigfús Hannesson á Barkarstöðum væri sveitlægur í Lýtingstaðahrepp, en hreppstjórnir þar hafa skotið úrskurði þessum til amtsins atkvæða.

Af því, sem fram hefir komið í þessu máli til upplýsingar, sést það, að Sigfús Hannesson hyrgi sjálfur hefir áunnið sér framfærslurétt, að hann er óekta barn, fæddur 20. desbr. 1837 í Húsey í Seiluhrepp, og að móðir hans Sigríður Sigurðardóttir á krossmessu 1837 fór sem vistráðið árshjú að Reykjavöllum í Lýtingstaðahrepp, en síðan fór í kvennaskiptum að Húsey einhverntíma eptir fráfærur, og dvaldi þar meðan Sigfús fæddist, og líklega alls þangað til hún á krossmessu 1838 fór vistferlum að Hólkoti í Staðahrepp. Það er ekki upplýst, að samið hafi verið um, að kvennaskiptin skyldi haldast til enda vistarársins, en þar á móti virðist það fullsannað, að Jóhannes Einarsson, bóndinn á Reykjavöllum, hafi borgað Sigríði Sigurðardóttur árskaup hennar, og að hjónin í Húsey aptur á móti hafi galdið Guðrúnu Bjarnadóttur, tengdamóður Jóhannesar á Reykjavöllum, sem í stað Sigríðar fór þangað, árskaup hennar, eins og það líka sést, að Guðrún þessi næstu 2 árin dvaldi í Húsey.

Af skýrslum þeim, sem hlutaðeigandi prestar eptir kirkjubókunum hafa gefið um veru Sigríðar á Reykjavöllum og Húsey, er lítið sem ökkert að græða, hvað þetta mál snertir, þar sem það ekki er prestsins að dæma um það, hvar vinnufólk hafi lögheimili, en eptir því, sem að öðru leyti er upplýst, verður amtið að álita, að hún krossmessu-árið hafi haft lögheimili sitt á Reykjavöllum.

Það nýtur þá beinlínis af 7. grein reglugjörðar 8. janúar 1834, að Sigfús, sonur hennar, á fæðingahrepp í Lýtingstaðahrepp, og er því úrskurðurinn frá 4. maí f. á., sem ákveður hann sveitlægan þar í hrepp, hérmeð staðfestur.



1872.

24. maí.

hún um það leyti hafi haft dvöl í Húsey í Seiluhrepp.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, að úrskurður amtsins 8. apríl f. á. í þessu máli verður að standa óraskaður.

24. maí.

### 59. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bréfi yðar, dagsettu 1. þ. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir eru fyrir þetta reikningsár til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju útaf fyrir sig :

|                |                                                                                                  |        |
|----------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|
| Uppgjafapresti | Guðlögi Sveinbjarnarsyni (frá Hvammi í Norðurárdal).....                                         | 15 rd. |
| —              | Þorleifi Jónssyni (frá Hvammi í Hvamm-sveit).....                                                | 25 —   |
| Prestsekkju    | Guðlögu Eiríksdóttur (frá Reynivöllum)...                                                        | 15 —   |
| —              | Ingibjörgu Thorgrimsen (frá Saurbæ).....                                                         | 10 —   |
| —              | Helgu Guðmundsdóttur (frá Borg).....                                                             | 15 —   |
| —              | Sólbjörgu Jónsdóttur Reykdal (úr Miðdala-þingum).....                                            | 20 —   |
| —              | Helgu Arnfinnsdóttur (ekku Jóns heitins Jónssonar, kapelláns að Breiðabólstað í Vesturhópi)..... | 10 —   |
| —              | Sigríði Oddsdóttur (úr Dýrafjarðar þingum)                                                       | 10 —   |
| —              | Guðrúnu Vernharðsdóttur (frá Eyri í Skutulsfirði).....                                           | 15 —   |
| —              | Oddnýju Ingvarsdóttur (úr Sólheima þingum)                                                       | 20 —   |
| —              | Elínu Einarsdóttur (frá Þingeyra klaustri)..                                                     | 30 —   |